



Fundargerð

Fundur verkefnahóps í málefnum fatlaðs fólks haldinn í Teams þann 31. maí 2022 kl. 11:00.

Mætt voru Arnheiður Jónsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Þóra Marý Arnórsdóttir, Soffía Guðrún Guðmundsdóttir og Jón Hrói Finnsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skammtí mavistun á Reykhólum
2. Fjárhagsáætlun BsVest 2022 – Staða og samráð
3. Verkefni og umsóknir á þjónustusvæðunum.
4. Aðalfundur BsVest 2022

1. Skammtí mavistun á Reykhólum

Farið yfir stöðu mála.

Íbúð fyrir skammtí mavistunina er því sem næst tilbúin. Gert er ráð fyrir að þjónustan hefjist í ágúst. Fram kom að samþykki er fyrir sjö vikum í skammtí mavistun.

Umsókn um þjónustuna hefur borist og verður tekin fyrir á næsta fundi verkefnahóps. Meta þarf þjónustufarir umsækjanda og gera greinargerð um umönnunarþörf þar sem fram kemur hvaða þjónusta er veitt í dag. SIS mat liggur fyrir og þarf að kynna verkefnahópi. Meta þarf aðstæður fjölskyldunnar á heimili hennar.

Rætt var um fjármögnun innkaupa á innbúi í skammtí mavistun og hvort það kemur í hlut þjónustusvæðisins eða Byggðasamlagsins að fjármagna innkaupin. Kanna þarf hvernig staðið var að fjármögnun innkaupa á Ísafirði og hvort Ísafjarðarbær eða BsVest eigi það innbú sem var í skammtí mavistuninni á Ísafirði.

Kanna þarf hvort breyta þarf samþykktum og/eða þjónustusamningum vegna flutnings þjónustunnar frá Ísafjarðarbæ til Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.

Rætt var um mögulega styrki til verkefnisins. Sótt verður um styrk úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna breytinga á íbúð. Kanna þarf hvort Styrktarfélag fatlaðra á Vestfjörðum er ennþá starfandi og hvort það veitir styrki til slíkra verkefna. Ennig þarf að kanna hvort hægt að sækja um sértækan búnað til Sjúkratrygginga Íslands.

Kynna þarf verkefnið fyrir sveitarstjórnnum og sveitarstjórum.

2. Fjárhagsáætlun BsVest 2022 Staða og samráð.

Jón Hrói bað fulltrúa þjónustusvæða að senda sér nýjustu útgáfu fjárhagsáætlunar svæðanna.

Fram kom að í 3. áætlun Jöfnunarsjóðs frá því í nóvember 2021 hafi verið gert ráð fyrir lækkun almennra framlaga um 10-15 milljónir króna. Þóra Marý tók saman greinargerð og sendi Jóni Páli þegar hann sinnti starfi framkvæmdastjóra tímabundið. Búið að sækja um endurmat þar sem það á við. Athugasemdir hafa jafnframt verið gerðar við framlög einstakra einstaklinga sem þóttu fá of lág framlög en engin svör hafa borist.

Gera þarf ráð fyrir flutningi skammtí mavistunar frá Ísafjarðarbæ til Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps á árinu.



3. Verkefni og umsóknir á þjónustusvæðunum.

(Arnheiður og Þóra Marý sátu ekki fundinn undir þessum lið).

Umræður um verkefni og stöðu þeirra, aðallega til upplýsingar fyrir staðgengil framkvæmdastjóra.

Á Bolungarvík ríkir stöðugleiki. Heimili fyrir barn er stærsta þjónustuúrræðið. Tveir ungir einstaklingar eru að flytja í sjálfstæða búsetu. Eftir er að koma í ljós hversu mikinn stuðning þeir þurfa. Tveir einstaklingar eru orðnir mjög fullorðnir og gætu þurft meiri þjónustu áðu en langt um líður. Á svæði Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps er skammtí mavistun stærsta og brýnasta verkefnið.

4. Aðalfundur BsVest 2022

Til kynningar: Stefnt er að því að halda aðalfund BsVest þann 28. júní 2022 skv. ákvörðun stjórnar á fundi þann 23. maí sl.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:15